

**Nd.** **249. Breytingartillögur** [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

32.-40. gr. laganna verði 33.-41. gr. þeirra, jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.03, 73.21.09. og 76.08.00.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni eða gerð frábrugðin þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Friverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftrilit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1982.